

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 10.10.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Aðgangsstýring í vallarhúsinu

Framkvæmdastjóri ræddi aðgangsstýringu í vallarhúsinu við verkefnastjóra stafrænna lausna hjá Norðurþingi. Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar tilboð í aðgangsstýringu.

Aðalstjórn er hlynnt því að sett verði upp aðgangsstýring í vallarhúsið og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram með eigendum hússins.

2. Fundargerð barna- og unglingaráðs

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar fundargerð barna- og unglingaráðs frá 7.10.2024.

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð sögunefndar

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar fundargerð sögunefndar frá 9.10.2024.

Fundargerðin lögð fram.

4. Fyrirspurn hvort Völsungur geti opnað vefverslun

Á síðasta fundi aðalstjórnar dag. 26.9.2024, var framkvæmdastjóra falið að kanna möguleikann á að opna vefverslun í gegnum TeamSport.

Niðurstaðan er sú að ekki er möguleiki á því sem stendur þar sem TeamSport er rekið af Margt Smátt og er vefverslunin fyrir þeirra viðskiptavini, þ.e.a.s. þá sem eru með búningasamninga við Margt Smátt.

Lagt fram.

5. Skipun í verkefnishóp um stefnu Norðurþings í íþróttá- og tímstundamálum

Formanni barst erindi frá Norðurþingi þar sem óskað var eftir að Völsungur myndi skipa aðila í verkefnishóp við gerð stefnu í íþróttá- og tímstundamálum og uppbyggingu íþróttá- og tímstundamannvirkja.

Á milli funda var samþykkt að framkvæmdastjóri myndi sitja í verkefnishópnum fyrir hönd Völsungs.

Á 197. fundi fjölskylduráðs var skipun verkefnishópsins til umfjöllunar og bókaði fjölskylduráð eftirfarandi um málið:

„Fjölskylduráð tilnefnir Hafrúnu Olgeirsdóttir íþróttá- og tómstundafulltrúa, Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóra Völsungs og Birnu Björnsdóttur frá Norðurþingi í verkefnahóp.“

Aðalstjórn Völsungs fagnar því að ákveðið hafi verið að ráðast í það mikilvæga verkefni að móta sér stefnu í íþróttá- og æskulíðsmálum.

Fundi slitið: 18:00

